

## STARFSREGLUR

### um breytingu á starfsreglum um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016.

#### 1. gr.

15. tl. 1. mgr. 3. gr. starfsreglnanna falli brott. 16. tl. 1. mgr. 3. gr. verði 15. tl. og 17. tl. verði 16. tl.

#### 2. gr.

7. gr. starfsreglnanna orðist svo:

##### *Kjörnefnd prestakalls.*

Kjörnefnd prestakalls er kosin á aðalsafnaðarfundi eða safnaðarfundi til fjögurra ára í senn. Umboð allra kjörnefnda fellur niður á aðalsafnaðarfundum sókna árið 2019, en eigi síðar en 1. júní það ár.

Nefndin er skipuð 11 fulltrúum að lágmarki og jafn mörgum til vara. Ef fjöldi sóknarbarna í prestakalli 16 ára og eldri, miðað við 1. desember næstliðinn er meiri en tvö þúsund skal bæta við tveimur fulltrúum í kjörnefndina og tveimur varamönnum þeirra fyrir hvert byrjað þúsund umfram tvö þúsund. Ef fleiri en ein sókn er í prestakalli skal tryggt að hver sókn eigi að lágmarki einn fulltrúa. Að öðru leyti skal ákvarða fjölda fulltrúa hvernar sóknar í kjörnefnd, aðalmanna og varamanna í hlutfalli við fjölda sóknarbarna í prestakallinu, 16 ára og eldri miðað við 1. desember næstliðinn. Varamenn hvernar sóknar skulu þó aldrei vera fleiri en ellefu.

Forfallist kjörnefndarmaður skal varafulltrúi sömu sóknar taka sæti hans í kjörnefndinni. Varafulltrúar sóknar, ef fleiri en einn eru, taka sæti samkvæmt þeirri röð sem þeir voru kosnir.

Hver kjörnefndarmaður fer með eitt atkvæði.

Biskupsstofa veitir upplýsingar um fjölda kjörmanna hvernar sóknar í kjörnefnd prestakalls.

Prófastur er formaður kjörnefndar, stýrir störfum hennar, fundum og er í fyrirsvari fyrir nefndina. Prófastur hefur ekki atkvæðisrétt í kjörnefnd nema kjörnefnd starfi á grundvelli 9. mgr. ákvæðis þessa.

Allir fundir kjörnefndar skulu bókaðir og staðfestir af fundarmönnum. Þá skal kjörnefnd gæta þess að varðveita gögn er varða starfsemi hennar. Um vörslu þessara gagna skal fara í samræmi við gildandi lög hverju sinni. Kjörnefnd velur ritara.

Sé presti ætlað að þjóna í fleiri en einu prestakalli skulu kjörnefndir í þeim prestaköllum sameinaðar í eina kjörnefnd. Prófastur er formaður hinnar sameinuðu kjörnefndar og gilda um störf hennar sömu reglur og um kjörnefndir prestakalla eins og við getur átt. Umboð sameinuðu kjörnefndarinnar fellur niður þegar nefndin hefur lokið störfum.

Sé presti ætlað að þjóna prestakalli að hluta og embætti héraðsprests að hluta, skal kjörnefnd prestakalls og héraðsnefnd sameinaðar í eina kjörnefnd undir formennsku prófasts. Umboð samein- aðrar kjörnefndar fellur niður þegar nefndin hefur lokið störfum.

Um hæfi kjörnefndarmanna fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Í stað þeirra sem segja sig frá kjöri eða sem kjörnefndin úrskurðar vanhæfa, skal skipa varamenn viðkomandi kjörnefndar. Sé prófastur vanhæfur skipar biskup varamann hans.

Prófastar fylgja því eftir að kjörnefndir séu kosnar samkvæmt reglum þessum og að ávallt sé til staðar sá fjöldi aðalmanna og varamanna sem áskilið er.

#### 3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Sóknir sem ekki hafa kosið fulltrúa og varamenn þeirra í kjörnefnd við gildistöku starfsreglna þessara skulu kjósa þá á safnaðarfundi sóknar á árinu 2017. Skal sú kosning að jafnaði hafa farið fram 1. júní 2017. Breytist fjöldi varamanna í kjörnefndum sem þegar hafa verið kosnar við gildistöku starfsreglna þessara skal einnig kjósa varamenn í þeim tilvikum svo tilskilinn fjöldi samkvæmt starfsreglum þessum sé til staðar. Umboð allra kjörnefnda fellur niður á aðalsafnaðarfundum sókna

árið 2019, en eigi síðar en 1. júní það ár. Skulu kjörnefndir kosnar að nýju á aðalsafnaðarfundum eða safnaðarfundum sókna árið 2019 til fjögurra ára.

Við kosningar samkvæmt ákvæði þessu skal miða við fjölda kosningarbærra sóknarbarna í prestaköllum þann 1. desember 2015.

4. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru skv. heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

*Reykjavík, 31. mars 2017.*

**Magnús E. Kristjánsson**, forseti kirkjuþings.

---

B-deild – Útgáfud.: 19. apríl 2017